

Guðbjörn Jónsson



Héraðsdómur Reykjavíkur,
Hr. dómstjóri, Ingimundur Einarsson.

ERINDI: Ágreiningur um þinghald í málinu E-500/2014

Ég vil byrja á að þakka bréf þitt er barst mér í tölvupósti miðvikudaginn 23. apríl s.l. Ég neita því ekki að ég varð verulega hryggur er ég sá hve litla virðingu þú, sem dómstjóri stærsta héraðsdóms landsins, virðist bera fyrir ákvæðum stjórnarskrár um dómsvaldið og ákvæðum landslaga, í þessu tilfalli laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Svör þín eru í þremur tölulíðum og mun ég veita andsvar við þeim í sömu töluröð. Tekið skal fram að leturbreytingar, áhersluletur, skáletur eða litabreytingar eru áherslur undirritaðs.

1. Í fyrsta tölulíð viku þú að þinghaldi með aðstoðarmann dómara í dómarasæti. Bæði þinghöldin í máli mínu hafa verið með þeim hætti og um það segir þú:

“Báðir umræddir aðstoðarmenn hafa m.a. það hlutverk að stýra þinghaldi á reglulegu dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur. Heimild til þessa er að finna í 2. mgr. 17. gr. dómstólalaga, þar sem segir: “Dómstjóri getur falið aðstoðarmanni önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi,” [...] Það er því misskilningur að aðeins héraðsdómari megi stýra þinghöldum við dóminn.”

Því miður verð ég að vera ósammála þér þarna. Tilvísun þín í 2. mgr. 17. gr. dómstólalaga er að vísu rétt en þar er hvergi minnst á að setja megi aðstoðarmann í dómarasæti. Í tilvitnuðu málsgreininni segir einmitt að dómstjóri geti falið aðstoðamanni: *“önnur dómstörf en þau að fara með og leysa að efni til úr hvers konar einkamálum, þar sem vörnum er haldið uppi,”*

Í fyrsta þinghaldi, þingfestingu máls, er mikilvægt að réttlætis og fyllsta hlutleysis sé gætt, því í þingfestingunni felast miklir réttarhagsmunir stefnanda. ALDREI er mikilvægara fyrir stefnandann að fullkomlega lögmætur dómari sitji í dómarasæti en einmitt við þingfestingu máls. Þar þarf heiðarleiki og réttlætisvitund að vera fullkomlega í samræmi við skýran lagatexta, en ekki einhverja óljósa hefð, eða félagslög lögmanna. Gæta þarf þess að rétturinn brjóti ekki 65. og 70. gr. stjórnarskrár á stefnanda, með því að láta undir höfuð leggjast að framfylgja skýrum lagatexta, en úthluta hinum stefnda réttarstöðu sem hvergi er finnanleg í lögum nr. 91/1991. Slíkt er ekki hlutleysi.

Í **59. gr. stjórnarskrár** segir: *“Skipun dómsvaldsins verður eigi ákveðin nema með lögum.”* Lög eiga að vera skýr og auðskiljanleg aflestrar þannig að allir sem læsir eru, geti þekkt rétt sinn og skyldur.

Í 1. mgr. 7. gr. laga nr. 91/1991 segir skýrum stöfum að: *“Dómari stýrir þinghaldi og gætir þess að það sé háð eftir réttum reglum.”*

Í svari þínu vísar þú til 2. mgr. 17. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, varðandi aðstoðarmenn dómara. Ég velti fyrir mér af hverju þú sleppir 1. mgr. 17. gr. en þar stendur eftirfarandi:

[Til aðstoðar dómurum má ráða lögfræðinga sem fullnægja skilyrðum 2.–6. tölul. 2. mgr. 12. gr. Aðstoðarmaður skal ráðinn til fimm ára og er heimilt að endurnýja þá ráðningu einu sinni. Að öðru leyti gilda um hann almennar reglur um starfsmenn ríkisins.]

Fróðlegt er að sjá hvaða þættir það eru sem lögfræðingurinn þarf að fullnægja, við ráðningu sem aðstoðarmaður dómara. Töluliðir 2 til 6 í 2. mgr. 12. gr. eru eftirfarandi:

2. Hefur íslenskan ríkisborgararétt.

3. Er svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu.

4. Er lögráða og hefur aldrei misst forræði á búi sínu.

5. Hefur hvorki gerst sekur um refsivert athæfi sem telja má svívirðilegt að almenningsálitni né sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta.

6. Hefur lokið embættisprófi í lögfræði eða háskólaprófi í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.

Það veldur mér verulegri undrun hr. dómsstjóri, að þú skulir telja þér stætt á að leggja þessi skilyrði að jöfnu við hæfnisskilyrði dómara, sem umsækjendur um dómarastöður verða undanbragðalaust að uppfylla, til að eiga möguleika á að vera valdir til að setjast í dómarasæti. Í 6. tölulið hér að ofan, kemur meira að segja fram að aðstoðarmaður geti t. d. haft eitthvert annað háskólapróf en lögfræði, sem þá væri: “*í þeirri grein sem metið verður því jafngilt.*” Aðstoðarmaður dómara þarf ekki að hafa neina reynslu, einungis að vera: “*svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu*” eins og segir í 3. tölulið. Er þetta virkilega sú þekking sem þú telur að löggjafinn hafi talið hæfilega fyrir dómarasæti?

Ég fæ ekki betur séð, hr. dómsstjóri, hvað varðar rétt þinn til að setja aðstoðarmenn dómara í dómarasæti í þinghaldi, **þá sé misskilningurinn hvað það varðar hjá þér en ekki mér.**

2. Víkjum þá að 2. tölulið í svari þínu, en þar segir Þú:

“Rétt er hjá þér að samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, kemur fyrirvarmaður ríkisstofnunar fram fyrir hönd stofnunarinnar. Í þessu tilviki mun Sigurður Erlingsson vera fyrirvarmaður Íbúðalánasjóðs. Þetta merkir þó ekki að Sigurður þurfi að mæta í eigin persónu til þinghaldsins, heldur það eitt að stefna skuli honum sem fyrirvarsmanni, enda hafi "hann ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar", eins og segir í tilvitnuðu ákvæði.”

Lítum aðeins á hvað stendur í lagatexta 5. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991. Þar segir eftirfarandi:

5. Þegar ríkið eða sveitarfélag á aðild að máli, stofnun eða fyrirtæki þess eða einstök stjórnvöld, kemur sá fram sem fyrirvarmaður sem hefur ákvörðunarvald um þá hagsmuni aðilans sem sakarefnið varðar, nema mælt sé á annan veg í lögum.

Aðild og fyrirvar, heitir III. kafli laga nr. 91/1991. Í þeim kafla er framangreint ákvæði 5. mgr. 17. gr. sem endar á orðunum: ***nema mælt sé á annan veg í lögum.*** Fyrirmælin eru afar skýr í þessari 5. mgr. 17. gr. laganna og hvergi í III. kaflanum er að finna lagaákvæði um að **stefndi þurfi ekki að mæta í eigin persónu við þingfestingu**, en augljóslega má sjá að þar geti hann tilkynnt dómara um hver muni reka málið fyrir hans hönd. Þetta er svo kristalskýrt að engin leið er að horfa fram hjá því að geri héraðsdómur frávik frá þessari skýru kröfu á hendur hinum stefnda, brýtur dómstóllinn mikilvæga grundvallarreglu.

Í upphafi 61. gr. stjórnarskrár segir eftirfarandi: “*Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögnum.*“ Eins og hér hefur verið sýnt fram á, fór héraðsdómur Reykjavíkur **EKKI EFTIR LÖGUNUM**, við þingfestingu máls míns þann 18. febrúar s.l.

og ekki heldur við þinghaldið 15. apríl s.l. Bæði skiptin var lögunum vikið til hliðar, til að veita stefnda réttarhagsmunum sem honum voru **EKKI ÆTLAÐIR** samkvæmt lögum.

Víkjum þá áfram að því ssem fram kemur í 2. tölulið svarbréfs þíns en þar segir svo:

*“Af þingbók verður séð að Karl F. Jóhannsson hdl. **hefur verið skráður sem lögmaður stefnda, Íbúðalánasjóðs. Stefndi hefur samkvæmt því falið þeim lögmanni að gæta hagsmuna sinna/stofnunarinnar í þessu máli, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.**”*

Parna erum við einmitt komnir að því mikilvæga atriði sem ég vildi fá bókað í þingbók. Þú segir: *“Af þingbók verður séð að Karl F. Jóhannsson hdl. **hefur verið skráður sem lögmaður stefnda, Íbúðalánasjóðs.**”* Allt í lagi með það. EN! Hverjar eru heimildirnar til að skrá þetta í þingbók? Segjum svo að eftir nokkur ár kæmi til ransóknar hvort hlutlaust og eðlilega hefði verið staðið að framkvæmd þinghalda um málið. Í þingbók stendur það sem að framan er lýst. **En hvar er hin FORMLEGA YFIRLÝSING stefnda um að hann feli nefndum lögmanni að gæta hagsmuna sinna í málinu?**

Hér stöndum við frammi fyrir grundvallarreglu í allri skjalavistun, jafnt bókhaldi sem skráningar málsframvindu, að ALLT SEM SKRÁÐ ER, skal byggt á skjalfestum sönnunum, þannig að þó flett sé upp á málsferli að mörgum árum liðnum, stendur það skrá á viðkomandi skjali, að stefndi hafi sjálfur sent dómstólnum þá yfirlýsingu að hinn tiltekni lögmaður gætti réttarhagsmuna hans. Ef slíkt skjal vantaði við færslu bókhalds, mundi færslan falla niður sem ólögleg. Sama grundvallarregla skjalavistunar á við skráningu heimilda um framvindu dómsmáls.

Í 2. tölulið svarbréfs þíns segir þú ennfremur um hið umdeilda bókunatriði:

*“Stefndi hefur **samkvæmt því falið þeim lögmanni að gæta hagsmuna sinna/stofnunarinnar í þessu máli, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.**”*

Með framangreindum orðum þínum: *“**samkvæmt því**”*, staðfestir þú það sem að framan er ritað, að rétturinn hefur í raun **ENGA SKJALFESTA SÖNNUN** um að hinn stefndi hafi falið nefndum lögmanni að gæta hagsmuna sinna. Það vekur mér líka nokkra undrun að sjá dómstjóra stærsta héraðsdóms landsins, vísa til laga um lögmennt, um framvindu einkamáls sem rekið er á grundvelli laga nr. 91/1991. Hvergi í þeim lögum er vísað til laga um lögmennt. Tilvísunin á því ekki rétt á sér, einkanlega þar sem dómstóllinn er ekki skjólstaðingur lögmanns í málinu, heldur á að vera hlutlaus og í svona máli eingöngu starfa eftir lögum nr. 91/1991.

Einnig er athyglisvert að dómstjóri stærsta héraðsdóms landsins skuli vísa til lagagreinar sem gengur gegn þeim lögum sem dómstóllinn á að vinna eftir. Vísast þar til eftirfarandi orða í 1. mgr. 2. gr. laga um lögmennt þar sem segir:

*“Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið **fyrirsvarsmaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans,**”*

Parna virðast atvinnuhagsmunir lögmannna ganga frammar hinum réttu skilyrðum laga nr. 91/1991, því í 6. mgr. 17. gr. laga nr. 91/1991 segir eftirfarandi:

*6. “Nú flytur aðili mál sitt sjálfur eða fyrirsvarsmaður og **dómari telur hann ófæran um að gæta þannig hagsmuna sinna, og skal þá dómari leggja fyrir hann að ráða sér hæfan umboðsmann til að flytja málið.**”*

Parna kemur skýrt fram að engin skylda er að ráða sér lögfræðing til að gæta hagsmuna sinna fyrir rétti. í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála kemur skýrt fram að réttarreglur gera einungis kröfu um **hæfan umboðsmann til að flytja málið.**

Ef við litum t. d. til málsins míns um verðtrygginguna, þá er ljóst að ENGINN lögmaður hefur nema brot af þekkingu minni á því máli. Tilvísun í 1.mgr. 2. gr. lögmannalaga á því ekki við.

Einnig vekur það undrun að sjá dómstjóra stærsta héraðsdóms landsins, enn og aftur, vitna til lögmannalaga en nú í 1. mgr. 21. gr. laganna, þar sem segir:

“Í 1. mgr. 21. gr. sömu laga segir síðan: "Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila, og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað." Samkvæmt þessu er meginreglna sú að lögmaður sem mætir á dómþingi fyrir aðila er talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans.”

Ég velti fyrir mér í hvaða tilgangi þú hr. dómstjóri grípur til ofangreindrar tilvísunar. Í einkamáli vinnur héraðsdómur eftir lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála en ekki lögmannalögum nr. 77/1998. Ég get þó ekki stillt mig um að benda á tvö atriði í þessari 1. mgr. 21. gr. lögmannalaga sem eru fullkomlega ónothæf í þinghaldi héraðsdóms. Er það hinn óljósi ÍMYNDAR þáttur, þar sem aðili er **talinn hafa umboð**. Ímyndir geta aldrei átt heima í ferliskráningu framvindu máls og ákvæðið því í raun ónýtt.

Hinn þátturinn er þar sem fjallað er um hið TALDA umboð sem aðili hafi: **“nema það gagnstæða sé sannað.”** Með því að nota þessa 1. mgr. 21. gr. snýr dómstóllinn á haus hinum mikilvæga ákvæði um að – Allir séu saklausir þar til sekt sé sönnuð. – Með framangreindu ákvæði segir héraðsdómur að aðili þurfi ekki að samma hið TALDA umboð sitt, heldur þurfi sá sem efast um að hann hafi umboðið, að SANNA að hann hafi það ekki. Þetta atriði er andstætt ákvæðum stjórnarskrár og einkar athyglivert að sjá tvö svona atriði í einni mgr. lögmannalaga. Það segir meira en mörg orð um virðingu lögmannanna fyrir stjórnarskrá landsins og einnig hinni mikilvægu skyldu allra heimildaskráninga í réttarhari og bókhaldi, að ALDREI sé neitt TALID eða þá HALDIÐ, HELDUR SÉ FULLGILD SÖNNUN FYRIR HVERJU EINASTA ATRIÐI.

3. í 3. tölulíð svarbréfs þíns kemur fram eftirfarandi:

Í þingbók er skráð að við þingfestingu málsins hafi Tryggvi Viggósson hdl. sótt þing í umrætt sinn fyrir Karl F. Jóhannsson hdl. Tryggvi Viggósson hdl. sækir þing fyrir fjölda lögmannanna á hverju reglulegu þingi. Heimild til þessa er að finna í 2. málslið 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga, þar sem segir eftirfarandi: "Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfarlsu." Samkvæmt þessu hefur Karl F. Jóhannsson hdl. ótvíræða heimild til að fela Tryggva Viggóssyni hdl. að sækja fyrir sig þing í umrætt sinn. Það er því rétt hjá aðstoðarmanni, eins og bókað hefur verið í þingbók, að framlagning umboðs sé ekki nauðsynlegt.

Í því tilfelli sem þarna kemur fram hjá þér, er annað bókað í þingbók en fram kom í fyrirspurn minni til dómara/aðstoðarmanns dómara og svari hans við fyrirspurn minni. Ég spurði eftir hinum stefnda, vísaði til skyldu hans að mæta eða ef einhver væri mættur fyrir hans hönd, þá legði sá fram staðfestingu hins stefnda á umboði hins mætta. Dómari kvað skýrt og greinilega uppúr með það að Tryggvi væri mættur fyrir hinn stefnda og hann þyrfti ekkert umboð og vísaði á sama kjánalega háttinn og þú, til 1. mgr. 2. gr lögmannalaga.

Ákveðið virðingarleysi fyrir heiðarleika og réttlæti virðist mega merkja af því að ekki kemur það sama fram í þingbók og sagt er við þinghaldið. Þegar dómari, líkt og þú í bréfi þínu, vísaði til lögmannalaga, spurði ég dómara hvort dómstóllinn starfaði eftir starfslögum lögmannanna en ekki eftir lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála? Þessi samskipti eru ekki bókuð, sem sýnir að dómari var ekki lengur hlutlaus og óvilhallur, samanber 70. gr. stjórnarskrár, heldur orðinn aðili málsins við hlið stefnda.

Í ljósi þess að ég get hvergi í lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991, fundið ákvæði þess efnis að héraðsdómur starfi eftir lögmannalögum nr. 77/1998, er ég enn undrandi á ítrekuðum tilvísunum þínum kæri dómstjóri, til þessara laga í sambandi við athugasemdir mínar. Í hinu tilvitnaða úrtaki af 3. tölulið svarbréfs þíns segir eftirfarandi og þá vísað til 2. málslíðar 4. mgr. 21. gr. lögmannalaga, en þar segir:

"Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

Að sjálfsögðu getur lögmaður átt rétt á þessu ef umboð hans frá skjólstæðing hans veitir honum heimild til framsals þess umboðs sem skjólstæðingurinn veitti lögmanninum. Það sem dómstólnum kemur við í þessu sambandi er að sannfærast skjalfast um að umrædd framsalsheimild sé til staðar, að öðrum kosti gæti dómstóllinn orðið valdur að réttarspjöllum máls, með hugsanlegri skaðabótageiðslu úr ríkissjóði, vegna vanrækslu dómstólsins að sannreyna umboðsheimildir.

Já hr. dómstjóri. Eins og þú sérð finnst mér verulega vanta á að sá dómstóll sem þú veitir forstöðu virði á ásættanlegan máta stjórnarskrá okkar og fari í öllum aðalatriðum eftir þeim lögum sem honum er ætlað að starfa eftir. Í þeim atriðum sé ekkert HALDIÐ eða TALDIÐ, heldur eins og skýrt er kveðið á um í lögum og stjórnarskrá að dómarar dæmi eingöngu eftir lögnum og gögnum hver máls og engu öðru.

Í dómskerfi okkar er greinilega meira að en við leiðréttum með svona einföldum bréfaskiptum. Mun ég því leitast við að fá fund með Innanríkisráðherra, forseta Alþingis og videigandi þingnefnd, til skoðunar á hvort vilji er til þess hér innanlands að fækka alvarlegustu ágöllum á framkvæmd réttarfars hjá okkur. Ég vil hins vegar heyra álit þitt á því hvort þú telur Héraðsdóm Reykjavíkur uppfylla skilyrði 70. gr. stjórnarskrár, sem hlutlaus og óvilhallur dómstóll í mínum málum hér eftir

Afrit af bréfi þessu mun ég senda Dómstólaráði, en einnig mun ég birta það á bloggsíðu minni og Facebooksíðu, vegna beiðni mikils fjölda fólks, sem telur sig eiga undir högg að sækja í réttarkerfinu.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 24. apríl 2014

Guðbjörn Jónsson